

## Verklagsreglur varðandi bólusetningar, berkla- og MÓSApróf fyrir nema við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands (HVS) og Landspítala (LSH)

Neðangreindar verklagsreglur gilda fyrir nemendur HVS.

Menntadeild LSH hefur miðstýrða umsjón með bólusetningum nemenda. Starfsfólk HÍ beinir öllum fyrirspurnum, til Hrundar Scheving Thorsteinsson ([hrundsch@landspitali.is](mailto:hrundsch@landspitali.is)) s. 543-1490. Menntadeild kemur upplýsingum frá HÍ áfram til framkvæmdaaðila innan LSH. Verði breytingar á starfsmönnum og/eða skipuriti annarar hvorar stofnunar ber þeirri stofnun að tilkynna slíkt til hinnar. Áslaug Salka Grétarsdóttir ([aslaugsg@landspitali.is](mailto:aslaugsg@landspitali.is)) s. 824-8155 og María G. Þórisdóttir ([mariath@landspitali.is](mailto:mariath@landspitali.is)) s. 899-0101 á mannauðssviði LSH sjá um framkvæmd bólusetningar og skipuleggja dagsetningar fyrir bólusetningar.

Verklagsreglurnar eru byggðar á þeim reglum er gilda um starfsmenn LSH.

1. Við upphaf náms á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands skulu nemendur fá upplýsingar um fyrirkomulag varðandi bólusetningar, MÓSA- og berklapróf.

*Ábyrgð hjá deildum HVS.*

2. Fræða skal nemendur um mikilvægi bólusetninga, MÓSA- og berklaprófa gagnvart lýðheilsu og sóttvörnum.

*Ábyrgð hjá deildum HVS.*

3. Bólusetning gegn lifrabólgu B og berklapróf hefjist áður en klínískt nám hefst á Landspítala. Sjá yfirlit hér neðst yfir hvenær hvaða nemendur eiga að fara í bólusetningu og berklapróf.

*Ábyrgð skiptist á milli LSH og HÍ:*

- LSH og HVS finna í sameiningu tíma fyrir bólusetningar og berklapróf miðað við stundatöflu nemenda. HVS hefur frumkvæði að því að hafa samband.
  - Deildir HVS sjá um að koma upplýsingum til nemenda um hvenær bólusetningar eru.
  - Rekstrarstjóri HVS eða annar í hans nafni eins og starfsmenn á skrifstofum deilda senda nemalista til Áslaugar Sölku Grétarsdóttur ([allaugsg@landspitali.is](mailto:allaugsg@landspitali.is)) s. 824-8155 með nöfnum og kennitölum nema sem eiga að fara í bólusetningu. Hannað hefur verið sérstakt Excel skjal til að setja nöfnin inn í.
  - LSH sér um bólusetningu, berklapróf og skráningu í ónæmisgrunn Landlæknisembættisins. LSH merkir inn á listana dagsetningu bólusetninga og sendir til baka til HVS.
  - Deildir HVS sjá um að kalla eftir og taka á móti vottorðum frá þeim sem ekki mæta í bólusetningu.
  - Kostnaður vegna bólusetninga skiptist jafnt á milli HÍ og LSH.
  - LSH sendir rekstrarstjóra HVS sundurliðaðan reikning (fjöldi nemenda eftir deildum og útlagðan kostnað)
4. Fyrir 1. febrúar á 1. námsári á Heilbrigðisvísindasviði þurfa nemendur sem fara í verklegt nám á LSH að skila inn vottorði „*Staðfesting á bólusetningum fyrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum*“ um grunnbólusetningar til viðkomandi háskóladeildar- eða brautar. LSH hefur útbúið eyðublað sem deildir þurfa að afhenda nemendum. Eyðublaðið er einnig á heimasíðu deildar og sviðs. Nemendur fara með eyðublaðið á heilsugæslustöð og það er útfyllt þar og staðfest. Nemandinn greiðir kostnaðinn.  
*Ábyrgð hjá deildum HVS.*
5. Í upphafi hvers skólaárs fá nemendur sendar upplýsingar um það hvenær nauðsynlegt er að fara sérstaklega í sýnatöku vegna MÓSA. Nemendur skulu skila vottorðum til viðkomandi háskóladeildar- eða brautar eftir því sem við á.  
*Ábyrgð er í höndum nemendanna sjálfra, en deildir HVS vekja athygli á þessu og taka við vottorðum. LSH útbýr tilkynningu sem að deildir HVS senda áfram til nemenda. LSH sendir tilkynninguna til rekstrarstjóra HVS sem kemur henni áfram til deilda.*

6. Nemendur sem ekki hafa skilað ofangreindum vottorðum til HÍ komi ekki í verknám á LSH fyrr en þeir hafi skilað öllum gögnum.

*Ábyrgð hjá deildum HVS.*

7. Nemendur fá upplýsingar um influensubólusetningar sem fara fram á LSH á sama tíma og starfsmenn spítalans eru boðaðir í bólusetningu.

*Ábyrgð hjá LSH og HÍ:*

- *LSH sendir tilkynningu til rekstrarstjóra HVS um það hvar og hvenær bólusetningarnar fara fram.*
- *Deildir HVS sjá um að koma þeim áfram til nemanna og hvetur nemana eindregið til þess að mæta í influensuprautu.*
- *LSH sér um bólusetningu og skráningu í ónæmisgrunn Landlækniseimbættisins.*

8. A. Barnshafandi konur hafa val um það hvort þær vilji láta bólusetja sig. Þær þurfa að skila inn vottorði um þungun og hvenær von er á barni frá ljósmóður. Þær bera sjálfar ábyrgð á því að fá viðeigandi bólusetningar eftir að barn er fætt.

*Ábyrgð hjá nemanda.*

- B. Kjósi nemandi að láta ekki bólusetja sig er það á hans eigin ábyrgð ef til þess kemur að viðkomandi smitast í verknámi.

*Ábyrgð hjá nemanda.*

## Bólusetningar

Yfirlit yfir hvaða nemendur HVS eiga að fara í bólusetningar og berklapróf og hvenær

	<b>Berklar</b>	<b>Lifrabólga B</b>	<b>Vottorð um grunnbólusetningar</b>
Hjúkrunarfræði	2014 annars árs nemar/haust (ág.-sept.) 2015 og síðar fyrsta árs nemar/haust(ágúst-september)	2014 annars árs nemar/haust, ágúst/september/febrúar 2015 og síðar fyrsta árs nemar /haust,ágúst/september/febrúar	Já
Lyfjafræði	Ekki	Ekki	Ekki
Læknisfræði	Þriðja árs nemar/mars	Þriðja árs nemar mars/apríl/september	Já
Sjúkraþjálfun	Annars árs nemar/mars	Annars árs nemar mars/apríl/september	Já
Lífeindafræði	Annars árs nemar/ágúst	Annars árs nemar (vika 35) ágúst/september/febrúar	Já
Geislafræði	Annars árs nemar/ágúst	Annars ár nemar (vika 35) ágúst/september/febrúar	Já
Lýðheilsuvísindi	Ekki	Ekki	Ekki
Talmeinafræði	Ekki	Ekki	Ekki
Matvæla- og næringarfræði	Ekki	Ekki	Ekki
Sálfræði	Ekki	Cand psych á fyrra ári	Já
Tannlæknanemar	Ekki	Haust 2 ár	Já
Tanntæknanemar	Ekki	Árlega	Ekki